

Samantekt: Ríkisfjármál og peningastefna og samspil þeirra til sveiflujöfnunar í hagkerfinu.

Nemandi: Guðrún Sóley Gunnarsdóttir

Sérsvið: Fjármálhagfærði

Dagsetning: Janúar 2008

Ríkisstjórnin hefur sætt gagnrýni að undanfögnu fyrir ónógt aðhald í ríkisfjármálum. Peningastjórn hefur að sama skapi sætt gagnrýni fyrir bitlausa stefnu. Sköpum skiptir að meginöflin tvö í hagkerfi Íslands leggist á eitt við að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu. Í ritgerðinni er samspil ríkisfjármála og peningastefnu til sveiflujöfnunar í hagkerfinu skoðað á tímabilinu 1998-2006.

Í fyrstu köflunum er fjallað um markmið peningastefnu og ríkisfjármála frá 1998 og ýmsir þættir sem það varða skoðaðir. Í fimmta kafla er umfjöllun um þjóðhagsspár og áætlanagerð og þá óvissu sem óhjákvæmilega felst í þeim. Farið er í fjárlög og fjármálareglu ríkisins og skort á efnadum þeirra. Í sjötta kafla eru skoðaðar ýmsar breytur sem lýsa hagkerfinu frá 1998 og hafa þarf í huga við túlkun á niðurstöðum. Í sjöunda kafla eru kynntar alþjóðlegar kenningar og fræði um samspil ríkisfjármála og peningastefnu. Í áttundi kafla er lýst könnun Gylfa Zoëga og Björns R. Guðmundssonar um fjármálstefnu íslenskra stjórnvalda frá 1960-1998. Stuðst er við þessa könnun í níunda kafla þar sem gerð er könnun á stefnu í ríkisfjármálum á Íslandi 1998-2006 og samanburður gerður við nokkur önnur lönd. Frávik frá leitni ýmissa eftirspurnarþátta og ríkisfjármálabreyta er fundið og leitni þeirra við landsframleiðslu skoðuð til þess að kanna hversu vel þættirnir fylgja hagsveiflunni. Í tíunda kafla er peningastefna á tímabilinu 1998-2006 skoðuð og í ellefta kafla er fjallað um samspil hennar og ríkisfjármálanna á sama tímabili.

Niðurstaðan er að samspil ríkisfjármála og peningastefnu hefur farið batnandi en þó er ýmsu ábótavant. Brýnast er að hið opinbera hagnýti enn betur útgjöld sín til sveiflujöfnunar. Mikilvægt er að sveitarfélög taki þátt í sveiflujöfnun og rétt eins og hjá ríkinu gæti fjármálaregla aukið þar aðhald. Tímasetningu skattalækkana þarf að bæta og að lokum þarf að framkvæma ýmsar kerfisbreytingar til þess að gera starfsvettvang Seðlabankans sem bestan.